



Bessastöðum,  
9. október 2020

## Kveðja forseta Íslands til landsmanna

Kæru landsmenn.

„Fólk sem aldrei lyftir neinu í samtaki, verður aldrei þjóð.“ Þetta sagði Jóhannes Kjarval eitt sinn, listamaðurinn góði sem gerði málverkið hér fyrir aftan mig. Nú þurfum við, kæru landsmenn, að lyfta oki í samtaki. Við þurfum að sýna sama einhug og reyndist okkur svo vel í vor. Já, við þurfum að standa saman – með tvo metra á milli okkar. Virðum þá reglu, þvolum hendur vel og vandlega, notum grímur þar sem við á, kynnum okkur tilmæli á covid.is.

Við skulum líka þakka þeim sem eiga þakkir skildar. Þær starfsstéttir eru fleiri en ég fæ talið upp hér – á sviði heilbrigðis og aðhlynningar, menntunar og löggæslu, verslunar og þjónustu og er þá ekki allt nefnt. En: takk og aftur takk.

Ég veit að við erum mörg orðin þreytt. Ég veit af erfiðri stöðu margra. En hitt held ég að við vitum líka flest að ef við slítum í sundur varnarkeðju okkar slítum við líka í sundur þann þráð sem tengir okkur saman, gerir okkur að þjóð, gerir okkur að samfélagi.

Ég hef sagt það áður og segi það enn, við höfum séð það svartara og munum sjá það bjartara. Síðar á þessari öld munu ung börn segja við ömmu og afa: Hvað gerðir þú í COVID-19? Og þá verður gott að geta svarað: Ég gerði mitt besta, ég sinnti eigin sóttvörnum, ég tók tillit til annarra, ég reyndi að vera hluti lausnarinnar en ekki vandans.

Góðar stundir, kæru landar, stöndum saman.

Guðni Th. Jóhannesson